

AKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 171/2018

2021/EES/13/49

frá 6. júlí 2018

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að halda áfram samstarfi þeirra sem eiga aðild að EES-samningnum þannig að það taki til aðgerða á vegum Sambandsins, sem fjármagnaðar eru með fjármunum úr almennum sjóðum Evrópusambandsins, að því er varðar framkvæmd og uppbyggingu innri markaðarins fyrir vörur og þjónustu og stjórnunarverkfæri fyrir innri markaðinn.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2018.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 7. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

1. Í 12. mgr. komi orðin „, 2017 og 2018“ í stað orðanna „og 2017“.
2. Í 14. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2017 og 2018“ í stað orðanna „fjárhagsárið 2017“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2018.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.